

Svona er
Íslenskur
landbúnaður
2007



SVEIT OG BORG
SAMAN Í STARFI



Bændasamtök
Íslands

EFNISYFIRLIT

3	Svona er íslenskur landbúnaður
5	Landbúnaður og verðlagssumræða
6	Mat á stuðningi við landbúnað - PSE
6	Mál sem brenna á bændum
7	Hugtök og heiti
7	Viðhorfskönnun um íslenskan landbúnað
8	Ávinningur síðustu ára
8	Framtíðarsýn bænda

INNGANGUR

Í þessum bæklingi er þess freistað að koma á framfæri nokkrum atriðum um íslenskan landbúnað, málum sem brenna á bændum og framtíðarsýn. Landbúnaður hefur þróast hratt síðustu ár og þótt búum hafi vissulega fækkað hafa þau mörg stækkað að sama skapi. Tæknivæðing og markvissar kynbætur einkenna nútímalandbúnað, enda býr mikil þekking í íslenskum sveitum þar sem vel menntað fólk fæst við flókið samspil náttúru og markaðar. Áhersla á velferð búfjár og góðan aðbúnað, ný tækifæri í jarðrækt og bætt nýting lands hefur kallað á mikla uppbyggingu. Markaðsvæðing og aukid frelsi til athafna hefur ekki síður aukist í landbúnaði en öðrum atvinnugreinum landsmanna.

Samt er það svo að tekist er á af miklum hita um landbúnað. Hér skal fullyrt að flestir sem ræða mál landbúnaðarins eiga það sammerkt að vilja veg hans sem mestan þótt menn hafi að sjálfsgöðu ólíka sýn á bændur og störf þeirra. Geta sveitir og byggðir aðeins blómgast í skjóli tollverndar eða getum við lífað án hennar? Höfum í huga að engin þjóð í okkar heimshluta vill eða áætla að leggja einhliða niður tollvernd.

Búvöruframleiðslan – matvælaframleiðslan – er á sinn hátt trygging fyrir matvælaöryggi þjóðar í tvennum skilningi. Í fyrsta lagi snýst hún um að framleiða mat svo landsmenn séu ekki algjörlega háðir innflutningi á matvörum. Í öðru lagi er öryggi í því að eiga bændur og búalið sem kann til verka, þekkir framleiðsluáætlaðir og aðferðir.

Landbúnaður er helsta byggðastoð sveitanna og margra þéttbýlisstaða landsins. Atvinnustarfsemi í sveitum hefur tekið stakkaskiptum á síðustu árum. Þúsundir hafa atvinnu og framfæri af jörðum sínum á einn eða annan hátt, ekki aðeins með hefðbundinni framleiðslu heldur einnig með því að stuðla að lífsgæðum hvers konar. Hafa þarf heildarmyndina í huga þegar fjalla á af ábyrgð um framtíð íslensks landbúnaðar.

Haraldur Benediktsson,
formaður Bændasamtaka Íslands
og bóndi á Vestri-Reyni,
ásamt fjölskyldu sinni.



Útgefandi: Bændasamtök Íslands, Bændahöllinni við Hagatorg, 107, Reykjavík, www.bondi.is, apríl 2007.


Ritstjórn: Erna Bjarnadóttir og Tjörvi Bjarnason (ábm.).

Umbrot og hönnun: Hörður Kristbjörnsson.

Ljósmyndir: Áskell Þórisson, Jón Eiríksson, Tjörvi Bjarnason, úr einkasöfnum.


SVONA ER ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR

Verðmæti landbúnaðarframleiðslu



Heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar árið 2005 var 22 milljarðar króna.

Neysla á mjólkurvörum




Fjöldi lögbýla og bænda


Um 4.300 lögbýli eru í ábúð á Íslandi. Búfjárrækt í einhverjum mæli er stunduð á ríflega 3.000 lögbýlum. Til viðbótar eru býli þar sem engin búfjárrækt er stunduð en þar getur verið ferðaþjónusta, skógrækt, hlunnindanýting eða að heimilisfólk vinnur utan bús. Árið 2005 voru 4.020 manns starfandi í landbúnaði á landinu, samkvæmt vinnumarkaðsrannsóknnum Hagstofu Íslands.

Alls störfuðu 2.430 manns á árinu 2005 við úrvinnslu og sérhæfða þjónustu við landbúnað, þar af 1.590 í kjötiðnaði. Þá voru 1.570 eða um 65% af þessum störfum utan höfuðborgarsvæðis og Suðurnesja. Ótalinn er fjöldi annarra afleiddra starfa.


Neysla á innlendu grænmeti, kg/íbúa



Kjötneysla á mann, kg.



Ríkisútgjöld til landbúnaðar 1990 - 2005



Ríkisútgjöld til landbúnaðar eru samsett úr beingreiðslum til bænda, framlögum til landgræðslu, skógræktar, landbúnaðarháskólanna, Landbúnaðarstofnunar, ráðgjafar- og kynbótastarfs, landbúnaðarráðuneytis o.fl.

Svanborg Anna Magnúsdóttir og Guðmundur Davíðsson, bændur í Miðdal í Kjós. Þau búa með kýr, sauðfé og hross auk þess að taka á móti skólakrökkum á vorin.

„Íslenskur landbúnaður skiptir öllu máli um ókomna tíð. Við viljum öflugan landbúnað sem framleiðir úrvalshráefni til matvælavinnslu og skapar mörg störf vítt og breitt um landið, jafnt í dreifbýli sem þéttbýli. Á Íslandi framleiðum við hágæðavörur; mjólk með einstöku efnainnihaldi, lambakjötið er sannkölluð villibráð og hrossin á heimsmælikvarða. Við viljum styrkja tengsl framleiðenda og neytenda. Verið velkomin í sveitina!“



Sauðfjárrækt

Fjöldi sauðfjárbúa með virkt greiðslumark

Suðvesturland	28
Vesturland	240
Vestfirðir	146
Norðurland vestra	321
Norðurland eystra	286
Austurland	239
Suðurland	341
Án greiðslumarks	384
Samtals:	1.985

Lögbýli með virkt greiðslumark í sauðfé voru 1.601 talsins í byrjun ársins 2007. Bændur sem framleiddu kindakjöt án greiðslumarks voru 384 eða um 19% af sauðfjárbændum í landinu.

Sauðfjárbændur framleiða 8.650 tonn af kindakjöti

Um 400 bændur framleiða 50% af öllu kindakjöti.

Frjáls framleiðsla og frjáls verðlagning.

Framlög ríkisins til sauðfjárræktarinnar árið 2007 samkvæmt sauðfjársmningi eru um 3,1 milljarður króna.

Ferðaþjónusta

Í dag eru um 150 ferðaþjónustubæir innan Ferðaþjónustu bænda með um 4.200 gistirúm.

Aukning hefur einkennt ferðaþjónustu á Íslandi síðustu ár. Gistinóttum á landsbyggðinni fjölgaði í heildina um 8% milli ára 2005 og 2006. Hjá Ferðaþjónustu bænda var aukningin 14% en hlutdeild bænda í gistinóttum á landsbyggðinni er 25,3%.

Erlendir ferðamenn eru 64% þeirra sem gista hjá ferðaþjónustubændum. Hlutdeild Íslendinga er 36%.

Loðdýrarækt

Í upphafi ársins 2007 voru 22 minkabú og eitt starfandi refabú á Íslandi.

Góður árangur hefur náðst í að lækka fódurverð til loðdýraræktarinnar.

Meðalverð fyrir hvert íslenskt minkaskinn sem selt var á uppboði í Danmörku árið 2006 var 3.358 íslenskar krónur. Það er um 40% hækkun frá árinu 2005 eða 950 kr. á skinn. Heildarútlutningsverðmæti minka- og refaskinna árið 2006 nam 630 milljónum króna.

Nautgripærækt

Fjöldi kúabúa með greiðslumark og mjólkurinnlegg eftir landssvæðum árið 2006

	Fjöldi bóa	Greiðslumark, þús. ltr.	Mjólkurinnlegg, þús. ltr.
Suðvesturland	12	1.416	1.585
Vesturland	120	14.047	15.291
Vestfirðir	36	3.713	3.560
Norðurland vestra	118	16.716	17.008
Norðurland eystra	184	27.865	29.163
Austurland	51	5.956	6.105
Suðurland	274	41.287	44.830
Samtals:	795	111.000	117.542

795 framleiðendur lögðu inn mjólk árið 2006. Í apríl 2007 eru framleiðendur 752.

40% fækkun bóa á 10 árum.

90% stækkun bóa á síðustu 10 árum.

Meðalbúið framleiðir tæpa 150 þús. lítra.

Verðlagsnefnd verðleggur mjólk til bænda.

Greiðslumark er nú 116 milljón lítrar.

Framlög ríkisins til nautgripæræktarinnar árið 2007 samkvæmt mjólkursamningi eru tæplega 4,6 milljarðar króna.

3.300 tonn af nautakjöti eru framleidd árlega.

Garðyrkja

Framleiðsla í gróðurhúsum

Svæði	flatarmál, m ²	fjöldi
Suðvesturland	14.896	14
Vesturland og Vestfirðir	16.657	10
Norðurland vestra	2.788	4
Norðurland eystra	11.334	7
Austurland	4.250	3
Suðurland	125.775	64
Samtals allt landið	175.700	102

Rúmlega 200 framleiðendur stunda garðyrkju (kartöflur og annað útigrænmeti) og ylækt á Íslandi.

Bændur sem framleiða agúrkur, tómata og paprikur fá fasta fjárhæð í bein-greiðslur. Árið 2007 nemur sú upphæð 219 milljónum. Innflutningur á þessum vörum er tollalaus en útiræktað grænmeti nýtur takmarkaðrar tollverndar.

Svín og alifuglar

Svínakjötsframleiðsla á Íslandi er um 5.900 tonn á ári.

Svínabúum hefur fækkað hratt, voru 86 árið 1995 en 22 árið 2006.

Mikil sölu- og framleiðsluaukning: 52% söluaukning á svínakjöti og 266% söluaukning á alifuglakjöti á síðustu 10 árum.

Fuglakjötsframleiðsla er um 6.700 tonn á ári.

Eggjaframleiðsla er um 2.800 tonn á ári.

Verð ákvarðast á markaði en búgreinar njóta tollverndar.

Skógrækt

Skógarbændur, sem eru samningsbundnir við landshlutabundnu skógræktarverkefni, eru ábúendur á um 700 lögbýlum á öllu landinu og gróðursetja 70-80% af allri nýplöntun á hverju ári. Skógræktarfélagin gróðursetja um 15%, Skógrækt ríkisins 2,5% og Landgræðsla ríkisins um 1%. Einkaaðilar gróðursetja 6-7%.

Hrossarækt

Alls eru um 3.500 þátttakendur í hrossaskýrsluhaldinu á Íslandi. Fjöldi hrossa árið 2006 var um 75 þúsund.

Alls komu 1.234 hross til dóms árið 2006.

Fagræð í hrossarækt stóð fyrir átaki í DNA-greiningu hrossastofnsins á árinu 2006.

Haustið 2005 voru sett á 5.138 folöld.

Árið 2006 voru flutt út 1.303 hross, að verðmæti 452,5 millj. kr.


Marteinn Njálsson og Erna Guðný Jónsdóttir, ferðaþjónustubændur í Suður-Bár við Grundarfjörð.

„Ferðaþjónusta á Íslandi keppir á alþjóðamarkaði við aðra áfangastaði. Það er mikilvægt að íslenskar sveitir séu samkeppnishæfar og byggðirnar aðlaðandi fyrir innlenda og erlenda ferðamenn í framtíðinni. Mjög mikilvægt er að hlúa að þeim verðmætum sem felast í samfélögum og menningu sveitanna. Fjölbreytt nýting á menningararfinum og á tækifærum í rekstri hljóta að skila okkur þeirri framtíð sem við stefnum að.“



Samhengi launa og verðlags

180 Hlutfallslegt verðlag (EU 15 = 100)




Myndin sýnir samband neysluverðlags árið 2005 og meðallauna verkafólks árið 2003 samkvæmt upplýsingum OECD. Þar sem laun eru lág eins og í Póllandi, Tékklandi og Ungverjalandi er verðlag lægst. Í hálaunalöndum eins og Íslandi, Danmörku og Sviss er verðlag hæst.

Hlutfallslegt verðlag á Íslandi árin 2003-2005


	2003	2005	Breyting
Matur og drykkjarvörur	146,9	161,6	10,0%
Áfengi og tóbak	179,4	195,7	9,1%
Föt og skór	149	163,2	9,5%
Húsnæði, hiti og rafmagn	116,2	140,5	20,9%
Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl.	128,9	143,6	11,4%
Heilsa	137,3	153,9	12,1%
Ferðir og flutningar	118,1	129,8	9,9%
Fjarskipti (póstur, sími, net)	98,3	116,1	18,1%
Tómstundir og menning	137,4	155,8	13,4%
Menntun	103,6	122,9	18,6%
Hótel og veitingastaðir	169,1	183,4	8,5%

Meðalverð í ESB-löndunum 15 er = 100. Heimild: Eurostat, 2006.

Hlutfall búvara* í útgjöldum heimila = 5,25%




Hvernig ráðstafa Íslendingar tekjum sínum?



Heimild: Hagstofa Íslands, 2006
Vísitala neysluverðs

Hlutfall af útgjöldum heimilanna til matvælaþauka



Innflutningur búvara

Náttúruleg skilyrði valda því að hér á landi framleiðum við fáar búvörur. Um helmingur af matvörum Íslendinga eru þó framleiddar af íslenskum bændum. Þar vega þyngst mjólkurvörur, kjöt, kartöflur og grænmeti. Mikilvægar grænmetistegundir eins og tómatar, agúrkur og paprikur eru tollalausar árið um kring. Annað grænmeti er án tolla stóran hluta ársins. Mikilvægar búvörur eins og hveiti og kornvörur, hrísgrjón, sykur, krydd og ávextir, eru fluttar inn án tolla, árið um kring. Þannig eru flestar búvörur fátækustu þjóða heims tollfrjálsar hér á landi.

Pálína Benediktsdóttir og Sævar Kristinn Jónsson, kartöflu- og svínabændur á Miðskeri í Nesjum.

„Við höfum áhyggjur af framtíðinni í þeim búgreinum sem við stundum, svína- og kartöflurækt. Tollfrjáls innflutningur á þessum vörum ógnar verulega stöðu bænda. Samkeppnisforsendur eru ólíkar fyrir svínabændur, t.d. þegar kemur að fóðurkostnaði en við keppum við niðurgreitt fóður á meginlandinu. Okkur finnst oft að stjórnámamenn tali af ábyrgðarleysi um breytingar á innflutningsvernd landbúnaðarværa. Þeir þurfa að kynna sér málin vel og horfa á heildarmyndina.“



Í flestum vestrænum löndum er stuðningur við landbúnað tvíþættur. Í fyrsta lagi eru beinar greiðslur frá hinu opinbera fyrir framleiðslu líkt og tíðkast hérlendis í mjólkurframleiðslu. Hins vegar eru opinberar aðgerðir, s.s. tollar og verðlagsafskipti sem hækka verð til framleiðenda, oftast kallaðar markaðsvernd.


Til þess að leggja mat á stuðning við landbúnað notar OECD svokallað PSE (Producer Support Estimate). PSE er þannig mælikvarði á tilfærslur frá neytendum og skattgreiðendum til að auka tekjur bænda, sem verða vegna landbúnaðarstefnu. Ísland er með PSE-hlutfallið 67 sem er áþekkt því sem þekkt hjá þjóðum eins og Noregi og Sviss.

■ Verðmæti íslenskra búvára án markaðsverndar og opinberra framlaga.

■ Mælir tilfærslur frá neytendum til framleiðenda vegna þess að verð til bænda fyrir afurðir þeirra er hærra en heimsmarkaðsverð vegna aðgerða stjórnvalda til að styðja landbúnað (tollvernd). Hér er ekki um raunveruleg útgjöld neytenda að ræða heldur mat á ávinningi framleiðenda vegna innflutningstakmarkana.

■ Greiðslur sem tengjast framleiðslu eins og beingreiðslur mjólkur. Einnig greiðslur til sauðfjárbænda, bæði út á greiðslumark og á gæðastýrða framleiðslu.

PSE
Jafngildi stuðnings



Heildartekjur íslenskra bænda

1) Aðalvandamálið við mat á markaðsvernd er fólgið í mati á heimsmarkaðsverði sem notað er til að bera saman við innanlandsverð til framleiðenda. Heimsmarkaðsverð á mjólk til framleiðenda er t.d. í raun ekki til. Til að meta það er notað við heimsmarkaðsverð á undanrennufti, smjöri og osti. Út frá því er fundið heimsmarkaðsverð á mjólk miðað við tiltekna efnasamsetningu. Síðan þarf að draga vinnslukostnað frá til að nálgast verð til framleiðenda. Til þess er notuð stöðluð aðferð sem byggir á mati á vinnslukostnaði í fjórum stærstu útflutningslöndum, Ástralíu, ESB, Nýja-Sjáláandi og Bandaríkjunum.

MÁL SEM BRENNA Á BÆNDUM

Byggðamál

Á undanförunum árum hafa orðið örur breytingar á íslensku þjóðlífi sem hafa m.a. leitt til fólksfækkunar í dreifbýli. Brýnt er að byggðamál séu tekin föstum tókum og að landsmenn allir taki höndum saman um að samgöngur, þjónusta, skólar og aðrar grunnstoðir samfélagsins vaxi og dafni.

Þjóðlendumál

Bændasamtök Íslands hafa margsinnis ályktað um þjóðlendumál. Á búnaðarþingi 2007 var m.a. skorað á ríkisstjórn Íslands að beita sér fyrir breytingum á lögum nr. 58/1998 um þjóðlendum þannig að í lögin komi ákvæði þess efnis að jörð með athugasemdalausum þinglýstum landamerkjum sé eignarland. Á þeim, sem haldi öðru fram, hvíli sönnunarbyrði fyrir því.

Merking matvæla og jafnræði í heilbrigðiskröfum

Brýnt er að aðgreina innlenda búvöruframleiðslu frá innfluttum afurðum með lögverndaðri og samræmdri merkingu. Bændasamtökin vilja beita sér fyrir því að skylt verði að merkja matvörur upprunalandi. Ennfremur að kröfur um heilbrigði og hollustu innfluttra landbúnaðarvára séu ekki minni en til innleðrar framleiðslu og reglubundin sýnataka tryggja að kröfurnar séu uppfylltar.

Matvælavæðsumræðan

Umræður um matvælavæð hafa verið miklar í þjóðfélaginu undanfarin misseri. Engum blöðum er um það að fletta að verðlag er hátt á Íslandi. Meginskýringin á því er sú að Ísland er í hópi þeirra þjóða þar sem velmegun er mest en einnig má nefna smæð markaðar, skort á samkeppni og mikinn fjármagnskostnað. Íslensk landbúnaðarframleiðsla er aðeins hluti af þeirri matvöru sem keypt er hér á landi. Innan við 6% af útgjöldum heimilanna fara í kaup á íslenskum búvörum sem er um helmingi minna en fer í tómsundur og menningu. Alls eyða Íslendingar 13,3% tekna sinna til kaupa á matvörum – bæði innlendum og erlendum.

Bændur fagna breytingum á virðisaukaskatti og niðurfellingu vörugjalda. Verðstöðvun á heildsöluverði mjólkur og mjólkurvara er framlag mjólkuriðnaðarins og mjólkurframleiðenda til þess að lækka matarverð hér á landi.

Alþjóðamál

Bændur leggja áherslu á að breytingar á starfsumhverfi íslensks landbúnaðar séu gerðar í takt við breytingar á skuldbindingum okkar gagnvart Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Fjarskipti og raforkukostnaður

Sú kerfisbreyting sem gerð var á raforkusölu árið 2005 hefur hækkað rafmagnsreikninga hjá þorra bænda. Búnaðarþingi 2007 krafðist þess að stjórnvöld dragi úr þessari hækkun og jafni þannig aðstöðumun dreifbýlis og þéttbýlis. Bændasamtökin hafa einnig á undanförunum árum krafist úrbóta á nettengingum til sveita og gsm-símasambandi. Samtökin hafa í þessu verið öflugur málsvari dreifbýlisins og munu halda áfram að beita sér fyrir úrbótum á þessu sviði.

Bótaréttur vegna framkvæmda í almannabágu

Búnaðarþingi 2007 samþykkti ályktun um að við allar framkvæmdir í almannabágu, svo sem virkjanir, vegalagnir, línulagnir og fleira liggi fyrir áður en framkvæmdir hefjast, leigusamningur um landnotkun og bætur til þeirra landeigenda sem viðkomandi framkvæmd snertir.

Lántökukostnaður og stimpilgjöld

Búnaðarþingi 2007 skoraði á Alþingi að afnema hið fyrsta stimpilgjöld sem lögð eru á veðskuldabréf við þinglýsingu.



Guðjón Birgisson og Sigríður Helga Karlsdóttir, garðyrkjubændur á Melum við Flúðir.

„Vegna aukins skilnings neytenda á hollustu íslensks grænmetis er garðyrkjan atvinnugrein sem er í sókn. Íslensk stjórnvöld verða því, vegna harðnandi samkeppni erlendis frá og vegna niðurfellingar allra gjalda og tolla, að styðja enn betur við bakíð á greininni í framtíðinni svo garðyrkjan geti haldið áfram að vaxa og dafna.“

Vetrarfóðruð kind: Ær, hrútar, sauðir og lömb sem sett eru á vetur og talin fram á forðagæsluskýrslu.

Verðstöðvun á mjólk og mjólkurvörum: Mjólkuriðnaðurinn ákvað í október 2006 að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum myndi ekki hækka í 12 mánuði. Þá hafði þegar ríkt verðstöðvun á þessum vörum í eitt ár.

Viðskipti með greiðslumark: Bændum er heimilt að versla sín á milli með greiðslumark í mjólk og sauðfé.

Búnaðarsamband: Svæðisbundið samband búnaðarfélaga, búgreinafélaga og/eða einstakra bænda.

Búgreinafélag: Félag bænda á ákveðnu svæði sem stunda sömu búgrein.

Bændasamtök Íslands: Heildarsamtök íslenskra bænda. Aðild að þeim eiga 13 búnaðarsambönd og 12 búgreinasambönd.

Gæðastýrð sauðfjárframleiðsla: Dilkakjöt sem framleitt hefur verið eftir kröfum um skilgreindan framleiðsluferil, hollustu og umhverfisvernd.

Búnaðarfélag: Félag bænda á ákveðnu svæði, óháð þeim búrekstri sem þeir stunda.


Búgreinasamband: Landssamband búgreinafélaga eða einstakra bænda sem stunda sömu búgrein.

Beingreiðslur: Beingreiðsla er greiðsla úr ríkissjóði til framleiðenda. Einungis kúabændur, sauðfjárabændur og bændur sem rækta tómata, paprikur og gúrkur fá beingreiðslur.


VIÐHORFSKÖNNUN UM ÍSLENSKAN LANDBÚNAÐ

Í upphafi árs 2007 gerði Capacent – Gallup viðhorfskönnun á meðal almennings um íslenskan landbúnað. Niðurstöður hennar endurspeglar þann hug sem þjóðin ber til landbúnaðarins. Úrtakið var 1350 manns á landinu öllu, valið var af handahófi úr þjóðskrá og svöruðu 800 manns, sem er 61,2% svarhlutfall.

Hversu miklu eða litlu máli finnst þér skipta að Íslendingar séu ekki háðir öðrum um landbúnaðarafurðir?



Hversu miklu eða litlu máli finnst þér skipta að landbúnaður verði stundaður hér á landi til framtíðar?



HELSTU NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNARINNAR ERU:


79,5% telja að það skipti miklu máli að Íslendingar séu ekki öðrum háðir um landbúnaðarafurðir.

79% telja að bændur beri litla eða enga ábyrgð á háu matarverði hér á landi.


93,8% svarenda telja að það skipti miklu máli að landbúnaður verði stundaður hér á landi til framtíðar.

74,7% sögðu gæði innlendra landbúnaðarvara meiri en erlendra. 2,3% töldu gæði innlendra landbúnaðarvara minni en erlendra.

Telur þú íslenska bændur bera mikla, litla eða enga ábyrgð á háu matarverði hér á landi?



Telur þú gæði íslenskra landbúnaðarvara vera meiri, minni eða þau sömu og gæði innfluttra landbúnaðarvara?



Bjarni Stefánsson, loðdýra- og kúabóndi í Túni í Flóa.


„Á tímum umhverfisverndar og þekkingar er bjart yfir loðdýraræktinni. Dýrin mín éta lífrænan innlendan úrgang og umbreyta honum í eftirsótta og dýra söluvöru fyrir erlenda markaði. Ég vænti þess auðvitað að hafa sömu samkeppnisstöðu og möguleika og keppinautar okkar erlendis. Ef svo er og með þeirri faglegu framþróun sem er í greininni, þá eru miklir vaxtarmöguleikar fyrir hendi.“



Kynbótastarf í búfjárrækt hefur skilað bændum og neytendum miklum ávinningi síðustu ár. Sem dæmi mjólka íslenskar kýr að meðaltali um 5.300 kg mjólkur en fyrir 10 árum var meðalnyt um 4.200 kg.

Þróun í landbúnaði hefur verið hröð síðustu árin. Búum sem stunda hefðbundna framleiðslu á mjólk og kjöti hefur fækkað en öðrum búgreinum vaxið fiskur um hrygg. Þar má nefna skógrækt, hrossarækt og ferðaþjónustu sem óhætt er að kalla vaxtarsprotu sveitanna.

Rannsókn- og skólastarf hefur stóreflst með stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólans á Hólum.



Tæknibreytingar hafa gert það að verkum að þörf fyrir vinnuafli hefur minnkað í hefðbundnum greinum landbúnaðarins og störfin orðið léttari. Kröfur um fagkunnáttu og menntun bænda hafa aukist að sama skapi.

Bændur framleiða **gæðavörur**. Kröfur til bænda á alifuglabúum eru með þeim ströngustu sem þekkjast í heiminum og svínabændur hafa stórbætt kjötgæði á undanförunum árum. Garðyrkjubændur hafa náð einstökum árangri við ræktun í gróðurhúsum og framleiða grænmeti allt árið um kring. Íslenskir loðdýrabændur framleiða hágæðaskinn fyrir erlenda markaði og standa þar í fremstu röð. Sauðfjårbændur hafa stórbætt kjötgæði og vinna að endurheimt landgæða.



Tæplega 500 bændur stunda **bygggrækt**. Markvissar kynbætur á korni og aukin þekking bænda á kornrækt hafa tryggt hana í sessi hér á landi. Kornid er að mestum hluta notað sem kjarnfóður.

Mikil **hagræðing** hefur orðið í landbúnaði á síðustu árum. Sérhæfing eykst og búin stækka. Sláturhúsum og mjólkursamlögum hefur fækkað og stöðugt er leitað leiða til þess að minnka kostnað við framleiðsluna. Margir bændur gera búrekstraráætlanir sem hefur fært þeim umtalsverðan ávinning.

Bændur hafa aðlagð framleiðslu sína að **kröfum markaðarins** og tryggt jafnt og fjölbreytt framboð á búvörum.

FRAMTÍÐARSÝN BÆNDA

Við þróum atvinnuveg fyrir framtíðina

Við stuðlum að fjölbreytni og nýsköpun í íslensku atvinnulífi á grunni auðlinda landsins.

Við leitumst við að framleiða gæðavörur á hagkvæman hátt og að þróa nýjar afurðir.

Við viljum auka tengsl neytenda og bænda, t.d. með sölu beint frá býli og nýtingu upplýsingatækni.

Við nýtum náttúru og auðlindir landsins með sjálfbærni að leiðarljósi.

Þekking, reynsla, sérhæfing og fagmennska er búmannsháttur 21. aldar.

Við stöndum vörð um matvælaöryggi, heilbrigð búfjáarkyn og heilnæma landbúnaðarframleiðslu.

Útflutningur á forsendum hollustu og hreinleika er raunhæfur kostur. Íslenskt lamb, ostar, skyr og smjör hafa slegið í gegn í fínustu matvörubúðum heims.

Við gerum máltíðina að góðri og fjölbreyttri upplifun

Við bjóðum upp á örugga og góða íslenska búvöru sem sjálfsagðan hluta af fæðu okkar.

Íslenskur gæðamat er í boði allt árið um kring. Neytendur verja lægra hlutfalli af ráðstöfunartekjum sínum til matvælaokaupa en langflestir aðrir Evrópubúar.

Vaxtarsproti ferðaþjónustu er upplifun tengd mat sem hefur íslenska matarmenningu í heiðri.



Landbúnaðurinn er hornsteinn byggðanna

Blómlegt mannlíf, næg atvinna og góð þjónusta og samgöngur í sveitum er forsenda þess að eftirsóknarvert sé að búa í dreifbýli.


Landbúnaðurinn hefur víðtæk margfeldisáhrif í atvinnusköpun um land allt. Fjöldi fólks treystir á hann.

Við leggjum áherslu á öflug og sterk afurðafyrirtæki, til hagsbóta fyrir bændur og neytendur og til styrktar atvinnulífi á landsbyggðinni.

Á okkar vegum eru bæði lítil býli og stórbýli, hlutastörf við búskap og mannfrekur atvinnurekstur, sem styður byggð í sveitum. Fjölskyldubúrekstur er hornsteinn íslensks landbúnaðar.

Bændur gegna mikilvægu hlutverki við landgræðslu, skógrækt og náttúruvernd. Þeir eru vörslumenn lands og útverðir byggða.

Við varðveitum menningararfinn og höldum uppi íslenskum hefðum.



Fjóla Kjartansdóttir, kúabóndi í Birtingaholti 4 í Hrunamannahreppi.

„Mínar framtíðarvæntingar í búskapnum eru þær að við bændur getum lifað við stöðugleika. Við þurfum að leggja áherslu á hreinleika íslenskra landbúnaðarafurða og stefna á aukinn útflutning á okkar framleiðsluvörum. Stöðugt þarf að vinna að bættri ímynd íslensks landbúnaðar meðal þjóðarinnar.“